

GAMLAR PERLUR

HVAÐ SKAL KALLA HJÚKRUNARKONUNA?

Fyrir um 90 árum var rætt innan hjúkrunarstéttarinnar hvernig ætti að ávarpa hjúkrunarkonur, með fröken eða með systir. Hér má lesa nokkur innlegg í umræðuna en þau birtust í 1. og 3. tbl. Tímarits Fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna 1926. Virðast allar hafa verið sammála um að breyta úr fröken í systir. Reyndar ber lítið á umræðu um málið í framhaldinu og ekki er vitað hvort nýja nafnið var notað í einhverjum mæli. Í fundargerðum á næstu árum eru félagskonur íðulega titlaðar ungfrúr. Fjörutíu árum seinna rifjar Sigríður Eiríksdóttir upp að um þetta leyti hafi margar hjúkrunarkonur hallast að systranafninu. Viðhorfið var þá að hjúkrun ætti að inna af hendi af fornfýsi í anda kristindómsins og á meginlandi Evrópu voru hjúkrunarkonur íðulega nunnur.



Ólafía Jónsdóttir var fædd 1885 á Bústöðum á Seltjarnarnesi og lauk hjúkrunarnámi við Diakonissuhúsið Lovisenberg í Ósló 1919. Hún hefur því þekkt diakonissustarfið frá fyrstu hendi.

Kæru félags- og starfssystur!

Mig hefur lengi langað til að bera upp við ykkur málefni, sem mér hefur legið á hjarta, það er sem sagt titill okkar hvort við ættum ekki að leggja niður „frökenar“ titilinn, en taka í þess stað upp systurtitilinn.

Pótt orðið „fröken“ sé notað í daglegu tali almennt, finnst mér ekki rétt viðeigandi að nefna hjúkrunarkonu þannig. Með frændþjóðum okkar, Norðmönnum og Svíum, er systurtitillinn notaður yfir allar hjúkrunarkonur, og finnst mér við geta lært af þeim í því efni sem svo mörgu öðru.

Til dæmis í Noregi eru allar hjúkrunarkonur ávarpaðar og ritaðar systur og á það vist rót sína að rekja til fyrstu hjúkrunarstarfsemi Noregs, sem byggðist á kristilegum grundvelli, nefnilega Diakonissustarfinu. Árið 1918 var haldið 50 ára afmæli þeirrar starfsemi í Noregi.

Ég ætla ekki að rekja sögu þeirrar starfsemi hér að sinni, en aðeins lauslega minnst á, að stofnandi og forstöðukona Diakonissuhússins í Ósló var prestadóttirin Catinka Guldberg. Hún fór ung til Þýskalands og lærði þar hjúkrunarstörf við Diakonissuhúsið í Kaiserswerth, við það sama hús, sem Florence Nightingale lærði, sem við heyrðum svo ágætán fyrirlestur um nýlega.

Það væri efni í langt erindi, að skrifa um Catinka Guldberg, hvernig hún byrjaði starfsemi sína með tvær hendur tómar, en með það óbifanlega traust til guðs og bæn til hans um að starfið mætti blessast og verða honum til dýrðar. Traust hennar varð heldur ekki til skammar. Hún lifði það, að sjá ríkulega ávexti af starfi sínu, en hún þakkaði sér það ekki, heldur guði sem blessaði það og notaði konu sem verkfæri sitt. Hún dó í hárra elli 1919.

Diakonissuhúsið í Noregi stendur enn með vaxandi blóma og telur 5-6 hundruð diakonissur. Þær eru starfandi

hjúkrunarkonur víðsvegar í sjúkrahúsum og í söfnuðum um endilangan Noreg. Síðan þessi starfsemi hófst í Noregi, hafa risið þar upp ýmis félög, sem starfa að námi hjúkrunarkvenna, og öllum er þeim það sameiginlegt, að nefna hjúkrunarkonur sínar systur.

Það eru til dæmis Ullevoldssystur, Forbundssystur, Sanitetssystur, Medodistasystur, Rauðakross-systur, og öll hafa þessi félög sinn eigin hjúkrunarkvennabúning.

Nafnið systir bendir okkur hjúkrunarkonum ósjálfrátt á, að við stöndum í svo nánu sambandi hver við aðra og eigum að starfa að því sameiginlega að hjálpa hver annari, til að ná sem bestu fullkomnun í starfi bæði verklega og andlega, en varast alt það sem gæti sett blett á okkar göfuga starf. Og ef einhverri okkar yrði eitthvað á í þessum efnum, þá fyndum við allar sameiginlega til þess og ynnum allar sameiginlega að því, að bæta fyrir það og varast að það endurtaki sig. Með öðrum orðum, það glæddi ábyrgðartilfinningu okkar hver fyrir annari.

Umfram alt verður öll hjúkrunarstarfsemi að byggjast á kristilegum grundvelli, því hjúkrunarstarfið er einn af fegurstu ávöxtum kristindómsins, þar sem er unnið í kristindómsins anda. Til þess að



Sigríður Eiríksdóttir fæddist 1894 og lauk hjúkrunarnámi frá Kommunehospitalet í Kaupmannahöfn í október 1921, mánuði á undan Kristjönu Guðmundsdóttur. Hún var formaður hjúkrunarfélagsins 1924-1960 og lengi í ritstjórn blaðsins.

Með örfáum orðum vil ég minnst á titilbreytingu okkar hjúkrunarkvenna sem gerð var að umtalsefni á síðasta fundi okkar, sem sé, að við verðum nefndar „systur“ í stað „fröken“. Málinu var vísað til umræðu, og samþykktar á næsta félagsfundi, þar eð margar voru farnar af fundinum.

Mér hefur virst vera mikil samúð með þessari breytingu og styð ég þar algerlega grein Ólafíu Jónsdóttur frá Bústöðum, sem birt er hér að framan, enda er „systur“ fegursta nafnið sem við getum valið okkur og á best við starf okkar. Almennigur á oft erfitt að gefa okkur nöfn, bæði í viðtali og umtali, ég hef heyrt okkur nefndar ýmsum broslegum nöfnum, svo sem „baksturskonu“, „hjúkrunarlækna“ og „frú“ auðvitað oft eins og „fröken“. Á þeim tveim titlum er afarmikið vilst. „Fröken“ er erlent orð og hljómar æfinlega illa í eyrum mínum hjá sjúklingum, sem varla kunna að nota orðið, en vilja þó sýna okkur alla kurteisi. Látum okkur taka upp systurnafnið, það verður eðlilegt hverri manneskju að nefna okkur því nafni og enginn misskilningur þarf að eiga sér stað. Við eigum ekki að vera „frúr“ eða „frökenar“ í starfi okkar, við eigum að vera systur þeirra sjúku og aðþrengdu, sem okkur hefur verið falið að hjálpa og létta byrðirnar fyrir.

Sigríður Eiríkss.

það geti verið, þarf að veita hjúkrunar-nemendum fræðslu í því efni, jafnframt verklegri fræðslu.

Gagnvart sjúklingnum sjálfum er það ólíkt þægilegra fyrir hann að segja systir en „fröken“ við hjúkrunarkonu sína. Við hjúkrunarkonu þekkjum það allar svo vel, að sjúklingar á sjúkrahúsum eru oftast sumir að mestu aðrir að öllu leyti sviftir samveru með nánustu ættingjum og vinum, og þá verður það að sjálfsögðu hjúkrunarkonan, sem stendur þeim næst og verður hún þá oft að geta komið sjúklingnum til hjálpar á andlegan hátt jafnframt og líkamlegan.

Það var eitt sinn er hjúkrunarkonan kom inn í sjúkrahöfð. Þar lá sjúkur maður. Hann vissi að sjúkdómur sinn myndi leiða hann til dauða. Þegar hjúkrunarkonan gekk að rúmi hans, greip hann hönd

hennar og leit alvarlega í augu hennar og sagði: „Það eruð þér, systir, sem ætlið að fylgja mér á fljótinu.“ Systirin varð mjög hræð, hún fann á þeirri stundu hátign köllunar sinnar og þá miklu ábyrgð, sem henni fylgdi. Þess var vænst af henni að halda ljósinu lifandi á hinni byrjuðu leið yfir hið dimma fljót. En það er aðeins eitt ljós, sem ekki slokknar í þeim kalda vindi við þá strönd. Jesú vitnisburður, orðið um hann sem dó fyrir okkur.

Það er mín innileg ósk til þjóðar minnar, að hún á komandi árum mætti eignast stóran flokk af trúuðum og vel menntuðum hjúkrunarsystur. Það myndi verða þjóð okkar til ómetanlegrar blessunar.

Ólafía Jónsdóttir frá Bústöðum.



Kristjana Guðmundsdóttir var fædd 1891, útskrifaðist frá Kommunehospitalet í Kaupmannahöfn 1921 og var 1926-27 yfirhjúkrunarkona á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum. Á þessum tíma var hún einnig í ritstjórn blaðsins. Hún starfaði talsvert í Hollandi, Belgíu og Frakklandi en sneri heim við upphaf stríðs 1939 og vann við skólahjúkrun og heilsuvernd í Vestmannaeyjum til dauðadags 1953.

Öllum hjúkrunarkonum hlýtur að vera ljóst, hve mikið gleðiefni það er fyrir

stétt vora, ef systur-nafnið nær fram að ganga. Vart geta verið skiftar skoðanir um, að sjálfsagt sé að taka það á stefnu-skrá vora og vinna af öllum mætti þar að lútandi.

Vafalaust nær það á skömmum tíma almennri hylli, veiku fólki lætur miklu léttara að kalla á systurina heldur en „Frökenina“, íslenska orðið ungfrú kemur sjaldan til greina í daglegu tali, margir geta ekki felt sig við það, enda er það bæði stirt og leiðinlegt. Mér virðist næsta hjákátlegt að ávarpa t.d. hjúkrunarkonu um fimtugt með orðinu ungfrú.

Viðasthvar erlendis eru hjúkrunarkonur jafnan nefndar systur og dettur engum í hug að ávarpa þær með öðrum hætti innan sjúkrahússins. Öðru máli er að gegna er þær klæðast einkabúningi sínum og ekki bera nein ytri tákn hjúkrunarstarfsemi sinnar.

Einmitt systur-nafnið setur hinn fagra og göfuga blæ yfir starf hjúkrunarkonunnar – líknarstarfið – fegursta starfið sem kona getur tekist á hendur, ef rétt er með farið. Með orðinu systir fær hjúkrunarkonan einskonar sérstöðu í vitund almennings, og er það vel farið, enda hefðu ekki allar stórbjóðir Evrópu valið hjúkrunarkonum sínum þetta heiti, ef það hefði ekki haft eitthvað til síns ágætis.

Hjá erlendum sjómönnum hér á sjúkrahúsinu, er ég ávalt hjúkrunarsystirin og kemur þeim aldrei til hugar að ávarpa mig öðruvísi, virðist mér það vera sú nafnbót, sem nátengdust er starfi mínu og að öllu leyti hin ákjósanlegasta.

Vestmannaeyjum 15/6 '26.

Kristjana Guðmundsdóttir.

ALVARLEG ATVIK

Ofskammtur af hjartalyfi



Í janúar sl. fékk sjúklingur í Svíþjóð hjartalyfið adenósín í æð við hjartsláttartruflun. Þrátt fyrir að ástandið væri ekki brátt gaf læknir munnleg fyrirmæli. Sjúklingurinn átti fyrst að fá 5 mg og svo 10 mg aðeins seinna. Á deildinni voru bara til 10 ml lyfjaglös með 5 mg/ml. Hjúkrunarfræðingurinn notaði ekki lyfjahandbók deildarinnar um gjöf adenósíns heldur gaf fyrir mistök 5 ml, sem sagt 25 mg eða fimm sinnum meira en mælt var fyrir um.

Næst var gefinn réttur skammtur eða 10 mg en stuttu seinna fékk sjúklingurinn berkjukrampa og hætti að anda. Hann var þá settur í öndunarvél og fékk meðferð við eitrunaráhrifum adenósíns. Í framhaldinu fékk hann lungnabólgu og blóðeitrun en jafnaði sig á nokkrum vikum.

Sjúkrahúsið tilkynnti atvikið til Inspektionen för vård och omsorg, stofnunarinnar sem sinnir eftirliti með heilbrigðisstarfsmönnum. Í tilkynningunni kom fram hvað sjúkrahúsið hefði gert til þess að koma í veg fyrir að svipuð mistök ættu sér stað aftur:

- Nú orðið eru einungis til tveggja millilítra lyfjaglös af adenósíni á deildinni.
- Í vinnslu er gátlisti fyrir fyrirmæli og undirskrift við gjöf adenósíns.
- Til skoðunar er að breyta skráningu við adenósíngjöf í rafrænu sjúkraskránni.
- Eftirlitsstofnunin taldi þessar aðgerðir viðunandi og gerði ekki athugasemd við vinnubrögð hjúkrunarfræðingsins.